

Nd.

406. Nefndarálit

[141. mál]

við frv. til laga um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á fundi nefndarinnar mánudaginn 26. febrúar 1979 var fyrir tekið frv. til laga um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Lúðvík Jósefsson, Garðar Sigurðsson og Páll Pétursson voru fjarverandi. Fyrir fundinum lá bréf utanríkisráðuneytisins, dags. 30. janúar s.l., þar sem þess er farið á leit, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið, að tiltekna breytingar verði gerðar á 2. mgr. 2. gr. frv.

Nefndin féllst á tilmælin og leggur því til að frv. verði samþ. með svofelldri

B R E Y T I N G U :

2. mgr. 2. gr. frv. hljóði svo:

Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

Alþingi, 26. febr. 1979.

Sighvatur Björgvinsson,
form., frsm.

Matthías Bjarnason.

Eiður Guðnason.

Sverrir Hermannsson.